Nr. 26.
2.
nóvbr.

# Lög

um

breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Melstaðarbrauð í Húnavatns prófastsdæmi tekur yfir Melstaðar og Kirkjuhvamms óknir. Frá brauði þessu greiðast 350 kr.

2. grein.

Staðarbakkabrauð í sama prófastsdæmi tekur yfir Staðarbakka og Núps sóknir.

3. grein.

Prestbakkabrauð í Stranda prófastsdæmi tekur yfir Prestbakkasókn og Staðarsókn í Hrútafirði. Til brauðs þessa liggja enn fremur bæirnir Guðlaugsvík, Kolbeinsá, Heydalur og Skálholtsvík, er áður hafa heyrt Óspakseyrarsókn til. Kirkjugjöld af hinum 4 fyrnefndu bæjum greiðast ár hvert úr sjóði Præstbakka kirkju í sjóð Óspakseyrar kirkju Frá þessu brauði greiðast 200 kr.

4. grein.

Tröllatungubrauð í Stranda prófastsdæmi tekur yfir Tröllatungu, Fells og Óspakseyrar sóknir að undanteknum bæjum þeim, er áður er um getið í 3. grein. Prestssetrið skal vera á Felli í Kollafirði eða einhversstaðar í miðju brauði. Brauðið heldur 200 kr. uppbót þeirri, er því var lögð með lögum 27. febr. 1880.

# Lov

Nr. 26.
2den
Novbr.

om

## Forandring i § 1 i Lov 27de Februar 1880 om Omordning af Præstekald.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Melstaður Præstekald i Hunavatns Provsti omfatter Melstaður og Kirkjuhvammur Sogne. Fra dette Kald indbetales 350 Kr.

§ 2.

Staðarbakki Præstekald i samme Provsti omfatter Staðarbakki og Nupur Sogne.

§ 3.

Prestbakki Præstekald i Stranda Provsti omfatter Prestbakki Sogn og Staður Sogn i Hrutafjorden. Til dette Kald henlægges endvidere de hidtil under Ospakseyri Sogn hørende Gaarde Guðlaugsvik, Kolbeinsa, Heydalur og Skalholtsvik. Kirkeafgifterne af de 4 fornævnte Gaarde udbetales hvert Aar af Prestbakki Kirkes Kasse til Ospakseyri Kirkes Kasse. Fra dette Kald indbetales 200 Kr.

§ 4.

Tröllatunga Præstekald i Stranda Provsti omfatter Tröllatunga, Fell og Ospakseyri Sogne med Undtagelse af de ovenfor i § 3 nævnte Gaarde. Præsteboligen skal være paa Fell i Kollafjorden eller etsteds i Midten af Kaldet. Kaldet beholder det samme ved Lov 27de Februar 1880 tillagte Tilskud af 200 Kr.

Nr. 26.
2. nóvbr.

5. grein.

Frá Oddaprestakalli í Rangárvalla prófastsdæmi leggist 500 kr.

6. grein.

Landshöfðinginn sjer um að breytingar þær á brauðum þeim, sem um er rætt í lögum þessum, komist á svo fljótt sem auðið er, að minnsta kosti þá er brauðin losna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. nóvbr. 1885.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 26. Lög 2. nóvbr. um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

§ 5.

Fra Oddi Præstekald i Rangarvalla Provsti indbetales 500 Kr.

§ 6.

Landshøvdingen drager Omsorg for, at de i denne Lov omhandlede Forandringer i Præstekaldenes Ordning iværksættes saa snart som muligt, senest ved indtrædende Vakancer.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den November 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*